

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 95/2021

frá 19. mars 2021

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1525 frá 16. október 2020 um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarákvörðun 2013/764/ESB um varnarráðstafanir vegna heilbrigðis dýra í tengslum við svínapest í tilteknum aðildarríkjum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1663 frá 6. nóvember 2020 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2004/558/EB að því er varðar sjúkdómslausu stöðu Tékklands og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum á nokkrum svæðum í Frakklandi varðandi smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Löggjöf á þessu sviði á ekki við um Ísland eins og segir í 2. mgr. innangangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Ísland.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki eiga við um Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 346, 20.10.2020, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 374, 10.11.2020, bls. 8.

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 48. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/764/ESB) í hluta 3.2 „GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL“ í hluta 3.2:

„– **32020 D 1525**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1525 frá 16. október 2020 (Stjtið. ESB L 346, 20.10.2020, bls. 31).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 80. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/558/EB) í hluta 4.2:

„– **32020 D 1663**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1663 frá 6. nóvember 2020 (Stjtið. ESB L 374, 10.11.2020, bls. 8).“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) nr. 2020/1525 og (ESB) nr. 2020/1663, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. mars 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.